

*Fornleifarannsókn við Vígðulaug í
Laugardal*

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS090-98042

Reykjavík 1999

© Fornleifastofnun Íslands 1999

Mynd á forsíðu: Vígðalaug fyrir uppgröft 27. maí 1999. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

1. *Inngangur*

Á bakka Laugarvatns, norðan og neðan við hið gamla bæjarstæði Laugarvatns, og um 200 m norðaustan við gamla húsmæðraskólann, nú veitingahúsið Lindina, er lítil hlaðin laug. Laug þessi hefur á 20. öld gengið undir nafninu Vígðalaug.

Talið er að laug þessi sé sú sama og getið er í Kristni sögu og þar er kölluð Reykjalaug í Laugardal. Samkvæmt sögunni voru Sunnlendingar skírðir í lauginni að loknu alþingi sumarið 1000. Hjá lauginni eru sex stakir steinar sem kallaðir eru Líkasteinar og fylgir þeim sú sögn að Norðlendingar sem sóttu lík Jóns Arasonar og sona hans til Skálholts í ársbyrjun 1551 hafi lagt líkbörunar á steinana og þvegið líkin í lauginni. Í lok 19. aldar var talið að vatnið í lauginni hefði lækningamátt.

Vígðalaug og Líkasteinar voru friðlýst af þjóðminjaverði 4. nóvember 1969 (þinglýsing 12. janúar 1970).

Vígðalaug er af ýmsum ástæðum merkur minjastaður. Hún er snoturt mannvirki, vel og traustlega hlaðin í botninn, og er eins gagnleg til síns brúks nú og þegar hún var gerð í öndverðu. Hún er gott dæmi um baðlaugar þær sem voru víða á Íslandi þar sem vatn kemur úr jörð með hæfilegu hitastigi til vatnsbaða. Sagnir þær sem myndast hafa um Vígðulaug tengja hana við tvo helstu stórviðburði í kristnisögu Íslands, kristnitökunni árið 1000 og siðaskiptum 1551, og gera hana því að vænlegum stað til kynningar fyrir ferðamenn.

Í hyggju er að Vígðalaug verði einn þeirra staða þar sem haldið verður upp á að 1000 ár eru liðin frá því að Íslendingar tóku kristni. Gert verður við lagina, umhverfi hennar snyrt og aðgengi bætt. Sem liður í undirbúningi þessara aðgerða lét Laugardalshreppur gera takamarkaða fornleifarannsókn við Vígðulaug 27. maí 1999. Höfundur þessarar skýrslu stjórnaði rannsókninni en auk hans vann Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur við verkið. Hefur hann gert teikningarnar af lauginni sem fylgja hér með.

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt: Annarsvegar var þess freistað að finna vísbendingar um aldur laugarinnar og hinsvegar var leitað eftir ummerkjum um hvernig laugin var byggð í öndverðu og hvort henni hefur verið breytt í tímans rás.

Hér á eftir fylgir lýsing á lauginni og yfirlit um heimildir um hana. Það yfirlit er byggt á greinargerð sem höfundur ritaði um Vígðulaug 1998.¹ Þar næst kemur lýsing á uppgreftinum og niðurstöðum hans, og síðast eru tillögur um hvernig standa

¹ Orri Vésteinsson: *Vígðalaug í Laugardal. Greinargerð*, Reykjavík.

má að viðgerð laugarinnar og endurbótum á umhverfi hennar.

2. Vígðalaug og umhverfi hennar

Vígðalaug er 1,72 m frá austri til vesturs og 1,85 m frá norðri til suðurs. Hún er nær því að vera ferningslaga en kringlótt, en hornin eru mjög ávöl og breið. Mesta dýpt hennar miðað við hæstu brún austanmegin er 0,76 m, en vatnshæð er innan við 0,5 m. Vatnsrás opnast í laugina austarlega á norðurhlið en affall er austarlega á suðurhlið. Hleðslan í barmi laugarinnar er mishá, 2-3 umför af misstóru grjóti. Hæst er hleðslan austanmegin og þar er svörður ofan á hleðslunum, en lægst er hún vestan og

Mynd 1. Vígðalaug fyrir uppgröft, úr suðri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

norðanmegin. Að vestan er um 1,5 m breið dæld niður að laugarbarminum en annars er landið umhverfis laugina nokkuð jafnhátt. Botn laugarinnar er allur grjótlagður og svotil sléttur. Grjótið í hleðslunum er ávalir hnullungar sem munu komnir úr fjallinu ofan við við Laugarvatn. Allstórir hnullungar (50-90 sm) eru í botni hleðslunnar en efri umför eru úr minni steinum (30-60 sm) og hafa sumir þeirra sigið til, einkum í austurhlið þar sem hleðslan er hæst og þar sem vatnsrásin opnast út í laugina en þar

eru steinarnir greinilega lausir.

Vígðalaug er byggð á volgri uppsprettu en rennsli í henni er lítið og kemur mest af vatninu í laugina úr læk sem kemur upp nokkrum metrum norðar, undir malarvegi sem nú er. Vatnshitinn í þessari uppsprettu er breytilegur, mest um 90° en oft á bilinu 70°-80°. Lækur þessi rann áður beint í gegnum laugina um rás sem greinilega er manngerð. Á fjórða áratug 20. aldar var grafin önnur rás austan við laugina þannig að hægt er stýra rennslinu með því að setja steina í rásina sem liggur að lauginni. Litlum steinum hefur verið raðað í brúnir beggja rásanna en ekkert grjót er í botni þeirra.

Laugin er hlaðin á hörðum jökulleir um 20 m frá vatnsborði Laugarvatns. Botn laugarinnar er um 10 sm hærra en vatnsborðið. Á fyrri hluta 20. aldar var svæðið kringum laugina gróðurlaust með öllu en það var grætt upp á fjórða áratugnum og þá var hlaðinn lágur torfgarður á þrjá vegu umhverfis laugina og Líkasteina sem eru á grasflötinni 4-10 m austan við Vígðulaug. Umhverfis garðinn er athafnasvæði í kringum gróðurhús sem standa vestan og norðan við.

3. Heimildir um Vígðulaug

Í Kristni sögu segir frá því að eftir að þingstörfum lauk í júlí árið 1000 hafi allir Norðlendingar og Sunnlendingar verið skírðir í Reykjalaugu í Laugardal því þeir hafi ekki viljað fara í kalt vatn.²

Kristni saga er talin rituð á seinni hluta 13. aldar. Hún er því á engan hátt samtímaheimild um kristnitökuna en hún byggir á eldri heimildum, þar á meðal Íslendingabók Ara fróða og Ólafs sögu Tryggvasonar sem hvorttveggja eru 12. aldar heimildir. Kristni saga hefur þó ýmislegt umfram þessar sögur og er margt af því heldur þjóðsagnakennt og annað gæti vel verið tilbúningur höfundar.

Ekki er vitað um neina Reykjalaug í Laugardal en fáar eða engar laugar aðrar en Vígðalaug eru á þessu svæði sem kæmu til greina fyrir niðurdýfingarskírni.

Í Biskupaánnálum Jóns Egilssonar sem ritaðir voru á árunum 1601 til 1605 er greint frá för Norðlendinga til Skálholts vorið 1551 til að sækja lík Jóns Arasonar

² *Biskupasögur I, 25.*

biskups og sona hans, Björns og Ara, sem hálshöggvir höfðu verið haustið áður. Norðlendingar vildu ekki dvelja lengur en nauðsyn krafði meðal óvina í Skálholti og gerðu því ekki meir en að grafa líkin upp og “köstuðu þeim moldugum í kisturnar, og höfðu sig svo á burtu og til Torfastaða um kveldið. ... Að morni fluttu þeir þá út að Laugarvatni, og tjölduðu þar yfir þeim og þvoðu þar líkin, og bjuggu um þá þar til fulls, og fóru svo norður til Hóla ...”³ Ekkert annað kemur fram í þessari frásögn, sem verður að teljast alltraust heimild svo langt sem hún nær, um hvar á Laugarvatni líkin voru þvegin, en í seinni tíð hafa sex stakir steinar nokkrum metrum austan við Vígðulaug, verið kallaðir Líkasteinar. Fylgir sú sögn steinunum að á þá hafi líkbörur þeirra feðga verið settar og líkin hafi verið þvegin úr Vígðulaug.

Allmiklum erfiðleikum er háð að komast að aldri sagna um Vígðulaug og Líkasteina en ljóst virðist að þær eru ekki ýkja gamlar, eða hafa að minnsta kosti ekki náð útbreiðslu að ráði fyrr en síðustu áratugi.

Á sjötta áratug 18. aldar ferðuðust þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um allt Ísland til að semja lýsingu þess, einkum með tilliti til náttúrugæða. Beindist áhugi þeirra meðal annars að hverum og heitum laugum og lýsa þeir mörgum slíkum í Ferðabók sinni. Þannig fjalla þeir ítarlega um hina hlöðnu laug í Haukadal auk annara frægra lauga eins og Snorralaugar í Reykholti. Þeir rekja sagnir um notkun laugganna á miðöldum og gerðu athuganir á umbúnaði þeirra. Vegna þess að áhugi þeirra á þessu efni var greinilega mikill og þeir hljóta að hafa haldið uppi fyrirspurnum um hlaðnar laugar vekur athygli að þeir minnst í engu á laug við Laugarvatn.

Í sóknarlýsingu Miðdals- og Úthlíðarsókna frá 1840 segir sr. Páll Tómasson frá því að eina laugin innan sókna sinna sé við Laugarvatn og að bærinn og vatnið dragi nafn af henni en ekki getur hann nafns á henni eða að sagnir séu um hana.⁴ Sumarið 1873 kom danski fornfræðingurinn Kristian Kålund á Laugarvatn í sögustaðaleiðangri sínum. Í riti sínu um íslenska sögustaði rekur hann frásögn Kristni sögu um skírn Norðlendinga og Sunnlendinga í Reykjalaugu. Hann færir rök fyrir því að Reykjalaug hljóti að hafa verið við Laugarvatn og segir enn fremur að það sé skoðun allra að það sé staðurinn og vísar um það til skýrslu Jóns Jónssonar prófests á Mosfelli. Kålund lýsir því næst laug á Laugarvatni:

³ Biskupa-annálar, 99.

Norðaustan við bæinn rétt við vatnið er laug og steinum raðað í hring um hana, en lítill lækur rennur úr henni í vatnið; hefur þarna fyrrum verið útbúinn raunverulegur baðstaður.⁵

Hér er augljóslega lýst Vígðulaug en Kålund getur ekki um nafnið og hefur ekki talið koma til greina að þetta væri skírnarstaðurinn því hann heldur áfram að lýsa hverum á vatnsbakkanum austan við bæinn, en vatn sem rennur úr þeim safnast saman í lítið lón áður en það rennur út í vatnið, og hitar það langt út, og þar eða í lóninu taldi Kålund líklegast að skírnarstaðurinn hafi verið.

Greinilegt er að Kålund hefur sjálfur komið að Laugarvatni og skoðað vegsumerki þar og af frásögn hans að ráða þá hefur hann haft uppi spurnir í héraðinu um hvar menn teldu Reykjalaug hafa verið. Hvort hann hefur rætt við heimamenn á Laugarvatni er annað mál, en ekki verður af þessu séð að sagnir um Vígðulaug hafi verið í hávegum í uppsveitum Árnessýslu um og eftir 1870.

Um svipað leyti og fyrra bindið af hinu mikla sögustaðaverki Kálunds kom út 1879 var stofnað í Reykjavík Hið íslenska fornleifafélag sem næsta aldarfjórðunginn sendi út leiðangra á nálega hverju sumri til að kanna minjastaði, einkum þá er taldir voru tengjast Íslendingasögum og samfélagi þjóðveldisaldar. Ekki er að sjá að skráningarmenn félagsins hafi haft spurnir af Vígðulaug og er hún þó einmitt af þeirri tegund minja sem þeir leituðu sérstaklega að.

Sumarið 1889 kom Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur að Laugarvatni og segir frá jarðhita þar í Ferðabók sinni. Hann lýsir því að nyrst á jarðhitasvæðinu sé laugar í tveimur volgum lækjardrögum og að í syðri læknum sé “hlaðin upp lítill laug (54° heit).” Hann bætir við að sagt sé að lík Jóns Arasonar hafi verið þvegið í þessari laug en getur þó ekki um Líkasteina. Eftir að hafa lýst öðrum hverum á svæðinu getur hann um frásögn Kristni sögu um heitavatnsskírnið í Reykjalaug og segir um það: “Líklega er þessi Reykjalaug hér á Laugarvatni, þó menn hafi ekki vissu fyrir því.”⁶

Ekki er getið um Vígðulaug á prenti fyrr en Ragnar Ásgeirsson garðyrkjuráðunautur ritaði um hana grein í Kirkjuritið 1940. Þar greinir hann frá því að hann hafi komið til Laugarvatns 1932 og hafi þá strax hafist handa við að hreinsa upp úr lauginni og veita frá henni vatni. Ekki getur hann um hvaða heimildir hann

⁴ *Árnessýsla*, 146.

⁵ Kristian Kålund, *Íslenskir sögustaðir I*, 113.

⁶ Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók II*, 307-308.

hafði fyrir nafni laugarinnar eða fyrir því að hún sé sama og Reykjalaug Kristnisögu. Hann vitnar þó til Ingunnar Eyjólfsdóttur, sem var fædd 1873 á Laugarvatni, um að í barnæsku hennar hafi oft verið sent eftir vatni í laugina þegar einhver veiktist á bæjum, og hafa menn því haft trú á lækningamætti vatnsins í lauginni. Sennilega hafa því verið sagnir um Vígðulaug meðal heimamanna á Laugarvatni þegar Ragnar kom þangað en hversu lengi þær hafa verið á kreiki er óvíst.

Af nafni laugarinnar og sögnum um lækningamátt vatnsins úr henni má ætla að laugin tilheyri þeim stóra flokki minjastaða, sem oftast eru kallaðir Gvendarbrunnar, en það eru heitar laugar og kaldar uppsprettur sem taldar voru sérlega heilnæmar og jafnvel hafa lækningamátt. Það hefur svo verið mjög eðlileg ályktun að draga að telja að þessi laug hljóti að vera sú sama og Reykjalaug Kristnisögu. Hins vegar er ekki að sjá að sú ályktun hafi verið dregin fyrir en á þessari öld.

Árið 1932 flutti Ragnar Ásgeirsson til Laugarvatns og hefur strax fengið mikinn áhuga á lauginni. Í áður nefndri grein sem hann ritaði um hana 1939 og birtist 1940 segir hann frá athugunum sínum og aðgerðum þar sumarið 1932:

Þegar ég kom að Laugarvatni 1932, þá var ekki annað sjáanlegt af lauginni en barmarnir, og þá var hún full af sandi og leðju og hafði vafalaust ekki verið hreinsuð upp í marga áratugi ... Um sumarið gróf ég hana upp og kom þá í ljós hleðslan allt í kring og að hún hafi verið steinlögð í botni, 70-80 cm. djúp, ca. [150] cm. að þvermáli og kringlótt í lögun. Heita læknum veitti ég frá og safnaðist þá vatn í laugina ...⁷

Af þessari lýsingu er ekki að sjá að Ragnar hafi hreyft neitt við hleðslum eða breytt lauginni að öðru leyti en því að hann hefur grafið rásina sem liggur austan við laugina til að stýra vatnsrennsli og hitastigi í lauginni. Hins vegar segir Sveinn Stefánsson í grein sem hann ritaði um Vígðulaug í Merki krossins 1992 að Ragnar hafi endurhlaðið “hleðslur í veggjum og lagfærði hana á ýmsa vegu. Einnig lét hann byggja garð í kring á þrjá vegu, með hliði í norðvesturhorni hennar, en hafði greiðan

⁷ Ragnar Ásgeirsson, Vígða laugin, 61. Í greininni stendur að þvermál laugarinnar hafi verið 90 sm en það er leiðrétt með athugasemd aftan við hana og hefur átt að standa 150 cm.

aðgang að vatninu.”⁸

Í sömu grein segir Sveinn frá því að um 1940 og mörg sumur þar á eftir hafi Sveinn Guðmundsson tollvörður frá Reykjavík komið að Laugarvatni og tekið miklu ástfóstri við Vígðulaug. Hafi hann hreinsað hana að innan og lagfært hleðslur í veggjum hennar. Segist Sveinn hafa aðstoðað nafna sinn við þá iðju.⁹ Kristinn Kristmundsson skólameistari tók einnig þátt í því 1961 að laga hleðslur laugarinnar og má af þessu ráða að talsvert hefur verið átt við laugina á 20. öld.

Nokkrar ljósmyndir eru til af Vígðulaug frá ýmsum tímum á þessari öld.¹⁰ Á þeim má sjá að grjóthleðslan við innrás hveralækjarins hefur tekið nokkrum breytingum og virðist um skeið hafa verið einhvers konar útbúnaður þar til að stífla vatnsrennslið og stjórna því sem ekki er þar lengur og mun varla heldur upprunalegur. Að öðru leyti verður ekki greint af þessum myndum að hleðslur laugarinnar hafi breyst að marki.

4. Uppgröftur við Vígðulaug

Áður en uppgröftur hófst var laugin mæld upp og gerður af henni uppdráttur og þversnið teiknað.

Grafinn var skurður meðfram vesturbarmi laugarinnar og var hann mest 2,67 m langur og 0,64 m breiður syðst en 0,98 m nyrst. Skurðurinn varð mest 29 sm djúpur (í suðurenda) en var víðast grynri og aðeins um 3 sm í miðjum skurðinum. Skurðinum var valinn staður þar sem laugarbarmurinn er lægstur, en fyrir vesturhlið er dæld niður að lauginni um 2 m löng frá norðri til sðurs og 1 m breið frá austri til vesturs. Hleðslan í vesturhlið laugarinnar er einnig lægri sem nemur einu umfari en hleðslurnar í suður og austurhlið.

Grastorf vex upp á hleðslurnar hringinn í kringum laugina en vestanmegin hefur myndast svað og var grasrótin þar laus, aðeins 3-4 sm þykk. Þar er grasrótin beint ofan á blágráum jökulleir, sem blandaður er sandi og smágerðri grús. Næst lauginni er leirinn gallharður, nánast eins og grjót, en fjær er hann mýkri. Þar sem grasrótin var þynnst og lægðin dýpst seytlar vatn upp úr leirnum og þar voru nokkrir

⁸ Sveinn Stefánsson, Vígðalaugin á Laugarvatni, 14.

⁹ Sama heimild, 15.

¹⁰ *Árbók Ferðafélags Íslands 1961*, 54; *Kirkjuritið 6 (1940)*, 59, 61; *Merki krossins 1992/2*, 13.

Mynd 2. Grunnmynd og þversnið Vígðulaugar. Á grunnmynd eru sýnd mörk uppgrafarins og þeir steinar sem í ljós komu undir sverði og niðurgröftur að baki hleðslunnar að suðvestanverðu. Teikning: Ragnar Edvardsson.

Mynd 3. Uppgraftarsvæðið úr suðri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

Mynd 4. Uppgraftarsvæðið úr vestri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

hnefastórir steinar undir grasrótinni. Þeir hafa sýnilega verið settir þar til að þetta undir rötina.

Þegar grafið var til suðurs – upp úr dældinni – kom í ljós brúnt leirlag, blandað mold og grús með talsverðum járnútfellingum, á milli grasrótar og ísaldarleirsins. Syðst er þetta lag 21 sm þykkt. Í þeim enda voru skilin milli leirlaganna skýr og þar sést greinilegur niðurgroftur í jökulleirinn, 2-3 sm út frá tveimur syðstu steinunum. Járnútfelling er á skilunum.

Norðan við þessa steina er þessi niðurgroftur hinsvegar ógreinilegri og skilin milli leirlaganna sömuleiðis. Vatn seytla þar upp úr leirnum og hola í nyrsta hluta skurðarins fylltist strax af vatni sem stóð í sömu hæð og yfirborð laugarinnar. Í nyrðri hluta skurðarins komu í ljós steinar undir grasrótinni, bak við eða innan við laugarbarminn. Syðst eru smáhnúllungarnir sem áður var minnst á en norðan við þá eru stórir steinar sem eru af svípaðri stærð og grjótið í laugarbarminum. Leirlögin tvö eru hrærð saman á þessu svæði og eru yfir steinunum og á milli þeirra.

Ekki var grafið ofan í jökulleirinn enda sýndi þessi litli skurður allvel hvernig laugin hefur verið gerð.

Líklegt er að laugin sé gerð í dæld eða holu sem hefur verið á þessum stað vegna uppsprettu. Dældin hefur verið stækkuð og grafið ofan í barma hennar til að koma fyrir grjóti í hliðum laugarinnar. Stórir flatir steinar hafa verið lagðir í botninn og norðan og austamegin hefur verið sett annað umfar af flötum steinum undir laugarbarminum. Þeir steinar eru þó allir undir 15 sm háir og skaga hvergi meir út en um 20 sm, og því hæpið að kalla þá set. Steinarnir í neðsta umfarinu í laugarbarminum eru allir stórir með sléttar hliðar inn í laugina. Efri umförin eru gerð úr minni steinum og eru það þau sem hafa verið endurhlaðin margsinnis á þessari öld. Ekkert bendir hinsvegar til þess að hreyft hafi verið botninum eða neðsta umfarinu í barmhleðslunum. Suðurhlið og syðri hluti austurhliðar eru heillegastar en annarsstaðar hafa hleðslurnar sigið inn og grjóti verið staflað á þær með lítt vönduðum hætti. Mest breyting hefur orðið við norðvestur “horn” laugarinnar. Þar kemur tvennt til. Annarsvegar seytla þar upp vatn fast við laugarbarminn og hinsvegar er þar mest álag undan brekkunni. Jarðvegur sígur smátt og smátt undan brekkunni auk þess sem mikið efni berst niður hana með leysingavatni á vorin. Af þessum sökum hafa leirlögin blandast og þrýstst inn á milli hleðslanna og aflagað þær

að nokkru. Við viðgerðir á lauginni hefur grjóti verið staflað á þennan stað til að halda brekkunni í skefjum og þetta barminn og virðist hann hafa færst inn á við um 10-20 sm af þeim sökum. Þá hefur norðaustur “horn” laugarinnar einnig hrunið saman og er af þeim sökum gleiðara en það var í upphafi.

Fyrir utan þessar breytingar er ekkert sem bendir til annars en að laugin sé óbreytt frá fyrstu gerð. Engin gjóskulög eða aðrar vísbendingar um aldur laugarinnar fundust og verður því ekkert sagt um það hvenær hún hefur verið hlaðin.

5. Tillögur um aðgerðir

Laugin er í sjálfri sér í ágætu ásigkomulagi og þarfnast ekki stórfelldra viðgerða. Ef umferð eykst til muna í kringum lagina er þó brýnt að gera ráðstafanir til að takmarka ágang á börmunum og treysta þá.

Fyrir utan almennan frágang á svæðinu í kring um hina afgirtu spildu er lagt til að gerðar verði eftirfarandi ráðstafanir:

- Lagður verði malarstígur að lauginni úr vestri eða suðvestri. Jarðvegur er þar traustari en núverandi aðkoma úr norðvestri. Stígurinn ætti að enda a.m.k. 1 m frá laugarbarminum, eða nógu stutt til að hægt sé að skoða lagina þaðan en ekki lengra en svo að gestir gangi almennt út á blábrún laugarinnar.
- Efsti hluti hleðslunnar í laugarbarminum verði lagaður með því að fylla í skörðin svo barmurinn verði allsstaðar jafnhár og suðurhlið (austurhlið verður eftir sem áður hæst). Það felur í sér að sett verði nýtt umfar af grjóti í vesturhlið. Endurhlaða þarf norðausturhorn og hnika því og norðvesturhorni út um 10-20 sm.
- Í sambandi við viðgerð á hleðslunni þarf að fylla dældina sem er vestan við laugarbarminn með grófu efni með svipaða eiginleika og leirinn sem er undir grasrótinni á þessum stað.
- Ef gera á Vígðulaug að fjölsóttum ferðamannastað þarf fyrst og fremst að tryggja reglulegt viðhald hennar og nánasta umhverfis. Hreinsa þarf lagina reglulega og halda við vatnsrásunum, halda grasvexti í skefjum og fylgjast með að hleðslurnar séu stöðugar.
- Ef upplýsingaskilti verður sett upp um Vígðulaug er rétt að hafa það í sem mestri fjarlægð frá lauginni sjálfri.
- Það sama gildir um önnur mannvirki að lauginni verður mestur sómi sýndur ef

sem minnst er af mannvirkjum frá seinni tímum í nágrenni hennar. Bifreiðastæði ættu þannig að vera sem lengst frá lauginni og verði atvinnurekstur í nágrenni hennar fluttur annað ætti einnig að fjarlægja torfgarða þá sem settir voru upp í kringum hana á 20. öld.

Þakkir

Höfundur vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Rannveigar Tryggvadóttir og Kristins R. Kristmundssonar fyrir höfðinglegar móttökur og stuðning við rannsóknina. Einnig eiga Pétur Þorvaldsson og Guðmundur R. Valtýsson þakkir skildar.

Heimildir

- Árnessýsla. *Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og Lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson*, Reykjavík 1979.
- ‘Biskupa-annálar Jóns Egilssonar.’ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju I*, Kaupmannahöfn 1856, bls. 15-136.
- Biskupasögur, gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi I*, Kaupmannahöfn 1858.
- Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1943.
- Guðmundur Ólafsson, *Ferð að Vígðulaug við Laugarvatn 24. ágúst 1992*, Reykjavík 1992 [Fjölrítuð skýrsla á Þjóðminjasafni Íslands].
- Kristian Kálund, *Íslenskir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík 1984.
- Kristleifur Thorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I-III*, Reykjavík 1944-1960.
- Orri Vésteinsson: *Vígðalaug í Laugardal. Greinargerð*, Reykjavík 1998 [fjölrítuð skýrsla á Fornleifastofnun Íslands]
- Ragnar Ásgeirsson: ‘Vígða laugin’ *Kirkjuritið* 6 (1940), 59-63.
- Sveinn Stefánsson: ‘Vígðalaugin á Laugarvatni’ *Merki krossins* 1992/2, 12-15.
- Porvaldur Thoroddsen, *Ferðabók II*, 2. útg., Reykjavík 1959.